

Staða launafólks á Íslandi

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal
félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB:*

Réttindabrot á vinnumarkaði

Júlí 2023



Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB: Réttindabrot á vinnumarkaði

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Ábyrgðaraðili: Kristín Heba Gísladóttir
Höfundar: Kristín Heba Gísladóttir og Maya Staub
Úrvinnsla tölfraeðilegra gagna: Maya Staub og Kolbeinn Hólmur Stefánsson

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-532-23-7

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2023

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð.....	2
2.1	Fyrirlögn.....	2
2.2	Svarhlutfall.....	2
2.3	Vigtun gagna.....	2
2.4	Marktækniþróf.....	5
3	Niðurstöður.....	6
3.1	Lýðfræðileg samsetning og staða á vinnumarkaði.....	6
3.2	Staða launafólks í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekenda.....	14
3.3	Réttindabrot á vinnumarkaði.....	17
3.3.1	Réttindabrot eftir uppruna og húðlit.....	17
3.3.2	Réttindabrot eftir aldri.....	20
3.3.3	Réttindabrot eftir störfum.....	22
3.3.4	Réttindabrot eftir búsetuformi.....	24
3.3.5	Réttindabrot eftir búsetu.....	25
3.3.6	Réttindabrot eftir fötlun/skertri starfsgetu.....	26
3.3.7	Réttindabrot eftir fötlun/skertri starfsgetu.....	27
3.3.8	Skýrandi þættir réttindabrot á vinnumarkaði.....	28
	Heimildarskrá.....	34
	Viðauki I.....	35

Töfluyfirlit

Tafla 1.	Flokkun aðildarféлага vegna vigtunar gagna.....	3
Tafla 2.	Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.....	4
Tafla 3.	Lýðfræðileg samsetning launafólks eftir kyni.....	7
Tafla 4.	Starfsgreinar eftir kyni.....	8
Tafla 5.	Starfsgreinar eftir uppruna og húðlit.....	10
Tafla 6.	Starfsgreinar eftir aldri.....	12
Tafla 7.	Almenni- og opinberi vinnumarkaðurinn eftir kyni.....	13
Tafla 8.	Almenni- og opinberi vinnumarkaðurinn eftir uppruna og húðlit.....	13
Tafla 9.	Almenni- og opinberi vinnumarkaðurinn eftir aldri.....	14
Tafla 10.	Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og uppruna.....	15

Tafla 11. Búsetuform eftir kyni.....	15
Tafla 12. Búsetuform eftir uppruna og húðlit.	16
Tafla 13. Búsetuform eftir aldri.....	16
Tafla 14. Búsetuform eftir hvort starfað er á almenna- eða opinbera vinnumarkaðnum,	16
Tafla 15. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir kyni.	17
Tafla 16. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kyni.....	17
Tafla 17. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir uppruna.	18
Tafla 18. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir uppruna.	18
Tafla 19. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir húðlit... ..	19
Tafla 20. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir húðlit.....	19
Tafla 21. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) eftir uppruna og húðlit.	20
Tafla 22. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir aldri.....	21
Tafla 23. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir aldri.....	22
Tafla 24. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir starfsgreinum.....	23
Tafla 25. Hefur orðið fyrir réttindabrotum (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir starfsgreinum.....	24
Tafla 26. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir búsetuformi.	25
Tafla 27. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir búsetuformi.....	25
Tafla 28. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir búsetu..	26
Tafla 29. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir búsetu.	26
Tafla 30. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir fötlun/skertri starfsgetu.	27
Tafla 31. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir fötlun/skertri starfsgetu.	27
Tafla 32. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir kynhneigð og kynvitund.	28
Tafla 33. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kynhneigð og kynvitund.....	28
Tafla 34. Einbreytugreiningar á áhættuþáttum þess að verða fyrir brotum á vinnumarkaði.	30
Tafla 35. Fjölbreytugreiningar á áhættuþáttum þess að verða fyrir brotum á vinnumarkaði.....	33

1 Inngangur

Í febrúar lagði Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins í þriðja sinn fyrir umfangsmikla könnun meðal launafólks innan aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og BSRB. Markmið könnunarinnar er að varpa ljósi á:

1. Fjárhagsstöðu launafólks eftir kyni, uppruna, aldri og fjölskyldugerð
2. Stöðu launafólks á húsnæðismarkaði eftir kyni, uppruna, aldri, fjölskyldugerð og fjárhagsstöðu
3. Líkamlega og andlega heilsu launafólks eftir kyni, uppruna, aldri og fjölskyldugerð
4. Starfstengda kulnun meðal launafólks eftir kyni, uppruna, aldri og fjölskyldugerð
5. Réttindabrot á vinnumarkaði eftir kyni, aldri, landssvæði, uppruna, húðlit, kynhneigð og kyntjáningu

Könnunin var lögð fyrir í febrúar og byrjun mars 2023 og er aðferð hennar lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar. Nefnd ASÍ um brotastarfsemi á vinnumarkaði óskaði eftir sérgreiningu á niðurstöðum könnunarinnar er varða réttindabrot á vinnumarkaði í ítarlegra niðurbroti. Fyrst er greint frá lýðfræðilegri samsetningu og stöðu launafólks á vinnumarkaði, þá er greint frá réttindabrotum á vinnumarkaði eftir uppruna, húðlit, aldri, störfum, búsetuformi, búsetu, skertri starfsgetu/fötlu og síðast er greint frá skýrandi þáttum réttindabrota á vinnumarkaði.

2 Aðferð

Notað er heildarþýðisúrtak (e. total population sampling) sem er ein af tegundum markvissra úrtaka (purposive sampling) og er skilgreint þýði félagar í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Varða hefur ekki aðgang að félagaskrám aðildarfélaganna og hafa félögin sjálf milligöngu um að virkja félagsfólks sitt til þátttöku.

2.1 Fyrirlögn

Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaga (19 féлага innan BSRB og 44 innan ASÍ) tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Formenn aðildarfélaganna fengu upplýsingatexta um könnunina á íslensku, ensku og pólsku til að senda í tölvupósti til félagsfólks og voru jafnframt hvött til að senda sms skilaboð og hafa hlekk inn á „mínum síðum“.

Könnunin var opin frá 9. febrúar 2023 til 1. mars 2023. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Svarendum gafst færi á að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku.

2.2 Svarhlutfall

Könnunin er ætluð öllu félagsfólki heildarsamtaka ASÍ og BSRB. Greiddandi félagar innan 44 aðildarfélaga ASÍ voru 143.433 þann 1. janúar 2023. Innan BSRB voru í janúar 2023 samtals 24.456 félagar í 19 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 167.889 einstaklingar. Könnuninni svöruðu 14.198 félagar og svarhlutfallið 8,5%.

2.3 Vigtun gagna

Þar sem að notast er við heildarþýðisúrtak í könnuninni, sem gerir Vörðu kleift að safna upplýsingum án þess að hafa aðgang að þýðisskrá, eru gögnin vigtuð út frá þekktum eiginleikum þýðisins til að þau endurspegli sem best þýðið í heild sinni. Til vigtunarinnar er félagatal beggja heildarsamtakanna nýtt og út frá því vigtað eftir kyni og aðildarfélögum. Við vigtunina er aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB skipt í flokka eftir eðli þeirra starfa sem félagsmenn í viðkomandi félögum sinna. Fjögur aðildarfélaganna féllu ekki í neinn flokk og voru vigtuð sér. Skiptingin er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna

Vigtunarflokkur	Félög
ASÍ 1	AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar,
ASÍ 2	Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf
ASÍ 3	Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR.
ASÍ 4	Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi, Félag tæknifólks, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja
ASÍ 5	BYGGIÐN - félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járníðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - félag vélstjóra og málm-tæknimanna, Mjólkurfræðingafélag Íslands
ASÍ 6	Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn
FFÍ	Flugfreyjufélag Íslands
LEIÐSÖGN	LEIÐSÖGN - stéttarfélag leiðsögumanna
BSRB 1	Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS - stéttarfélag í almannaðþjónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannaðþjónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
BSRB 2	Sameyki - stéttarfélag í almannaðþjónustu, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins.
BSRB 3	Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraf lutningamanna, Tollvarðafélag Íslands
BSRB 4	Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag íslenskra flugumferðarstjóra
BSRB 5	Sjúkraliðafélag Íslands
BSRB 6	Póstmannafélags Íslands

Þar sem að könnunin byggir á heildarþýðisúrtaki þar sem allir aðildarfélagar eiga jafna möguleika á að taka þátt er öllum vigtunarflokkunum gefin úrtaksvogin 1. Lokavogin er svo reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í úrtaksvogina. Vigtunaraðferðina má sjá í töflu 2.

Í ljósi þess að einungis örfá aðildarfélög innan ASÍ og BSRB bjóða upp á kynskráninguna „kvár“ eða „annað“ var eingöngu hægt að vigta gögnin út frá konum og körlum. Af þeirri ástæðu var ákvörðun tekin um að flokka kvár og kynsegin fólk með konum. Þetta var gert á forsendum kynjakerfisins þar sem bæði konur, kvár og kynsegin fólk er samfélagslega undirskipað körlum en best væri ef hægt væri að vigta gögnin í samræmi við raunverulega kynupplifun.

$$\frac{\text{Úrtaksvog}}{\text{Svarhlutfall}} * 100 = \text{Lokavog}$$

Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.

Vigtunarflokkur	Fjöldi í þýði	Fjöldi svara	Svarhlutfall	Úrtaksvog	Lokavog
ASÍ 1					
Karlar	21.476	473	2,20%	1	45,404
Konur	17.571	735	4,18%	1	23,906
ASÍ 2					
Karlar	18.982	1.009	5,32%	1	18,813
Konur	16.746	1.171	6,99%	1	14,301
ASÍ 3					
Karlar	20.680	1.616	7,81%	1	12,797
Konur	25.053	2.156	8,61%	1	11,620
ASÍ 4					
Karlar	5.243	702	13,39%	1	7,469
Konur	522	71	13,60%	1	7,352
ASÍ 5					
Karlar	13.951	565	4,05%	1	24,692
Konur	1.174	120	10,22%	1	9,783
ASÍ 6					
Karlar	567	4	0,71%	1	141,750
Konur	1	1	100%	1	1
FFÍ					
Karlar	123	24	19,51%	1	5,125
Konur	738	140	18,97%	1	5,271
LEIÐSÖGN					
Karlar	349	27	7,74%	1	12,926
Konur	257	29	11,28%	1	8,862
BSRB 1					
Karlar	2.100	347	16,52%	1	6,052
Konur	5.404	1.324	24,50%	1	4,082
BSRB 2					
Karlar	4.623	391	8,46%	1	11,824
Konur	7.849	930	11,85%	1	8,440
BSRB 3					
Karlar	1.118	167	14,94%	1	6,695
Konur	357	60	16,81%	1	5,950
BSRB 4					
Karlar	405	46	11,36%	1	8,804
Konur	160	23	14,38%	1	6,957
BSRB 5					
Karlar	66	8	12,12%	1	8,250
Konur	1.917	424	22,12%	1	4,521
BSRB 6					
Karlar	269	29	10,78%	1	9,276
Konur	226	47	20,80%	1	4,809

2.4 Marktæknipróf

Pearson's chi-square test (χ^2) was used to calculate the statistical significance of the market segmentation. The test measures whether the market segments differ significantly in terms of the variables. The test was conducted at a 95% confidence level, * = $p < 0,05$, ** = $p < 0,01$.

3 Niðurstöður

Fjallað er um niðurstöður könnunarinnar í þremur köflum. Kafli 3.1. fjallar um lýðfræðilega samsetningu launafólks og stöðu á vinnumarkaði. Í kafla 3.2. er greint frá stöðu launafólks í leiguhúsnaði á vegum atvinnurekenda. Kafli 3.3. fjallar um réttindabrot á vinnumarkaði eftir uppruna og húðlit, aldri, störfum, búsetuformi, búsetu, skertri starfsgetu/fötlun og að lokum er greint frá skýrandi þáttum réttindabrota. Varða hefur verið meðvituð um að reyna afla upplýsinga um hópa sem líklegri eru til þess að verða fyrir misskiptingu/mismunun í samfélaginu. Í því ljósi er unnt að greina frá stöðu mismunandi hópa á vinnumarkaði, en almennt eru ekki miklar upplýsingar til staðar um stöðu þessara hópa í íslensku samfélagi.

3.1 Lýðfræðileg samsetning og staða á vinnumarkaði

Tafla 3 sýnir lýðfræðilega samsetningu innan ASÍ og BSRB. Ríflega helmingur félagsfólks eru karlar (53,4%), tæplega helmingur konur (46%) en mun lægra hlutfall kvár (0,4%). Sökum þess hve fáir svarendur eru kvár var ákvörðun tekin um að flokka þau með konum við greiningu gagnanna. Flestir svarendur eru á aldrinum 31-40 ára eða 26,4%, þá á aldursbilinu 41-50 ára eða 22%, 51-65 ára eru 19,5% svarenda, 30 ára og yngri eru 18,2% og 61 árs og eldri 14% svarenda. Þegar litið er til uppruna sést að 67,2% svarenda eru innfædd, 28,7% eru innflytjendur og 4,1% með erlendan bakgrunn (sjá skilgreiningu í viðauka I). Stærstur hluti svarenda er í sambúð eða 71%. Af þeim eru 36,3% með börn. 21,4% eru einhleyp og 7,6% einstæðir foreldrar. Flestir svarendur í könnuninni eða 28,9% eru með menntun á háskólastigi, næst stærsti hópurinn 20,4% eru með menntun á grunnskólastigi, 19,3% með stúdentspróf, 18% með iðnnám, og 12,1% með starfstengda menntun á framhaldsskólastigi. Meira en helmingur svarenda er búsettur á höfuðborgarsvæðinu eða 58,4%, 11,1% á Suðurnesjum, 10,1% á Suðurlandi, 7,9% á Norðurlandi eystra, 4,4% á Vestfjörðum, 3,6% á Norðurlandi vestra og 2,6% á Vesturlandi. 88,3% svarenda eru í launuðu starfi, 2,6% eru í atvinnuleit, 2% eru sjálfstætt starfandi, 1,8% eru í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi, 1,6% eru á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri, 1,6% eru í veikindaleyfi á launum, 1,3% á eftirlaunum og 0,5% eru í námi og ekki í vinnu.

Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning launafólks eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Samtals	N	P-gildi
<i>Kyn</i>	46,4%	53,4%	99,8%		
<i>Aldur</i>					
30 ára og yngri	20,2%	16,4%	18,2%	12.669	0,000**
31 – 40 ára	25,9%	26,7%	26,4%		
41 – 50 ára	20,8%	23,0%	22,0%		
51 – 60 ára	20,3%	18,8%	19,5%		
61 árs og eldri	12,8%	15,1%	14,0%		
<i>Uppruni</i>					
Innfæddir	66,0%	68,2%	67,2%	13.003	0,000**
Innflytjendur	29,7%	27,9%	28,7%		
Með erlendan bakgrunn	4,3%	3,9%	4,1%		
<i>Fjölskyldustaða</i>					
Í sambúð með barn/börn	33,8%	38,4%	36,3%	12.719	0,000**
Í sambúð	34,7%	34,7%	34,7%		
Einstæðir foreldrar	10,2%	5,4%	7,6%		
Einhleypir	21,3%	21,5%	21,4%		
<i>Menntun</i>					
Grunnskólanám eða sambærilegt	18,9%	21,7%	20,4%	12.972	0,000**
Háskólanám	34,1%	24,3%	28,9%		
Iðnnám	8,2%	26,5%	18,0%		
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi	15,1%	9,5%	12,1%		
Stúdentspróf	22,5%	16,6%	19,3%		
Annað	1,2%	1,4%	1,3%		
<i>Búseta</i>					
Austurlandi	1,1%	1,4%	1,3%	12.986	0,000**
Höfuðborgarsvæðinu	58,5%	58,3%	58,4%		
Norðurlandi eystra	7,6%	8,2%	7,9%		
Norðurlandi vestra	3,8%	3,5%	3,6%		
Suðurlandi	10,2%	10,0%	10,1%		
Suðurnesjum	11,0%	11,2%	11,1%		
Vestfjörðum	4,4%	4,4%	4,4%		
Vesturlandi	2,6%	2,5%	2,6%		
Annað	0,7%	0,5%	0,6%		
<i>Staða á vinnumarkaði</i>					
Í launuðu starfi	87,5%	89,0%	88,3%	12.976	0,000**
Í veikindaleyfi á launum	1,9%	1,3%	1,6%		
Sjálfstætt starfandi /Atvinnurekandi	1,5%	2,4%	2,0%		
Á eftirlaunum	0,8%	1,7%	1,3%		
Í námi og ekki í vinnu	0,5%	0,4%	0,5%		
Atvinnuleitandi	2,6%	2,6%	2,6%		
Á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri	1,8%	1,5%	1,6%		
Í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum	2,9%	0,8%	1,8%		
Annað	0,5%	0,3%	0,4%		

Tafla 4 sýnir kynskiptingu starfsgreina. Mikill meirihluti þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustu eru konur (78,1% á móti 21,9%). Að sama skapi eru hlutfallslega mun fleiri konur en karlar innan fræðslu- uppeldis-, kennslu og tómstundastarfa (78% á móti 22%), ræstinga (74,6% á móti 25,4%) og stjórnarsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almennra skrifstofustarfa (60,9% á móti

39,1%). Hins vegar er mun hærra hlutfall karla en kvenna sem starfar við byggingastarfsemi og mannvirkjagerð (93,3% á móti 6,7%), stóriðju, fráveitu, rafmagns- og hitaveitu, sorphirðu, námugróft og vinnslu hráefna úr jörðu (89% á móti 11%), hafa umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum (78,2% á móti 21,8) og starfa við fiskvinnslu og veiðar (75,9% á móti 24,1%), almannaoýggi og dómsmál (75% á móti 25%) og framleiðslu (74,7% á móti 25,3%).

Tafla 4. Starfsgreinar eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	<i>P</i> -gildi
Heilbrigðisþjónusta	78,1%	21,9%	0,000**
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómsundastarf	78,0%	22,0%	<i>N</i> = 12.973
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	35,6%	64,4%	
Ræstingar	74,6%	25,4%	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	6,7%	93,3%	
Fiskvinnsla og veiðar	24,1%	75,9%	
Matvælaframleiðsla	33,4%	66,6%	
Framleiðsla	25,3%	74,7%	
Mötuneyti og veitingahús	45,8%	54,2%	
Ferðaþjónusta og farþegaflutningar	44,7%	55,3%	
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf	60,9%	39,1%	
Almannaoýggi og dómsmál	25,0%	75,0%	
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	21,8%	78,2%	
Menning- og skapandi greinar	53,2%	46,8%	
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	11,0%	89,0%	

Tafla 5 sýnir hlutfall launafólks milli atvinnugreina niðurbrotið eftir uppruna og húðlit. Niðurstöðurnar sýna að munur er á milli atvinnugreina með tilliti til uppruna og húðlitar. Til að mynda er mikill meirihluti þeirra sem starfa við stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf (89,2%), almannaoýggi og dómsmál (88,8%), umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum (81,9%), stóriðju, fráveitu, rafmagns- og hitaveitu, sorphirðu, námugróft og vinnslu hráefna úr jörðu (81%) og menningu- og skapandi greinar (80,7%) innfædd með hvítan húðlit. Nokkuð lægra hlutfall innfæddra með hvítan húðlit starfa við fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómsundastarf (74,5%), heilbrigðisþjónustu (71,5%), framleiðslu (70,5%), afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (68,5%), fiskvinnslu og veiðar (59,9%), byggingastarfsemi og mannvirkjagerð (61,8%), ferðaþjónustu og farþegaflutninga (53,6%), matvælaframleiðslu (52,9%) og í mötuneytum og á veitingahúsum (41,6%). Lang lægst er hlutfall innfæddra með hvítan húðlit sem starfa við ræstingar (20,5%). Að sama skapi er meirihluti þeirra sem starfa í ræstingum innflytjendur með hvítan húðlit (67,1%). Einnig er hátt hlutfall innflytjenda með hvítan húðlit sem starfa í mötuneytum og á veitingahúsum (43,9%), við matvælaframleiðslu (39,7%), ferðaþjónustu

og farþegaflutninga (43,9%), byggingastarfsemi og mannvirkjagerð (33,9%), fiskvinnslu og veiðar (29,8%), framleiðslu (23,5%) og afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (23%). Lægra hlutfall starfar innan fræðslu, uppeldis-, kennslu og tólmstundarstarfa (16,7%) og heilbrigðisþjónustu (13%) og enn lægra hlutfall innan annarra starfsgreina. Þegar litið er til innflytjenda með annan húðlit en hvítan þá sést að hæst hlutfall þeirra starfar við ræstingar (11,1%), á mötuneytum og veitingahúsum (8,8%), heilbrigðisþjónustu (8,5%), fiskvinnslu og veiðar (6,6%), matvælaframleiðslu (5%) en lægra hlutfall í öðrum starfsgreinum.

Tafla 5. Starfsgreinar eftir uppruna og húðlit

	Innfæddir, hvítir	Innfæddir, með annan húðlit en hvítan	Innflytjendur, hvítir	Innflytjendur, með annan húðlit en hvítan	Með erlendan bakgrunn, hvítir	Með erlendan bakgrunn, og annan húðlit en hvítan	<i>P</i> -gildi
Heilbrigðisþjónusta	71,5%	0,6%	13,0%	8,5%	4,9%	1,5%	0,000**
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómstundastarf	74,5%	0,9%	16,7%	3,3%	3,4%	1,2%	<i>N</i> = 12.432
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	68,5%	0,4%	23,0%	3,2%	4,1%	0,8%	
Ræstingar	20,5%	0,4%	67,1%	11,1%	0,6%	0,3%	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	61,8%	0,1%	33,9%	1,8%	2,1%	0,3%	
Fiskvinnsla og veiðar	59,9%	0%	29,8%	6,6%	3,1%	0,6%	
Matvælaframleiðsla	52,9%	0,2%	39,7%	5,0%	2,3%	0%	
Framleiðsla	70,5%	0,2%	23,5%	3,9%	1,7%	0,2%	
Mötuneyti og veitingahús	41,6%	0,9%	43,9%	8,8%	3,5%	1,3%	
Ferðaþjónusta og farþegaflutningar	53,6%	0,2%	39,0%	4,1%	2,7%	0,5%	
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatekni og almenn skrifstofustörf	89,2%	0,5%	5,7%	0,8%	3,4%	0,4%	
Almannaöryggi og dómsmál	88,8%	0,5%	4,9%	0,7%	4,1%	0,9%	
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	81,9%	0%	10,5%	2,6%	4,3%	0,6%	
Menning- og skapandi greinar	80,7%	0%	13,0%	2,7%	3,0%	0,5%	
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	81,0%	1,0%	12,2%	1,4%	3,9%	0,5%	

Tafla 6 sýnir starfsgreinar eftir aldri. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall ungs fólks (27 ára og yngri) sem starfar í mötuneytum og á veitingahúsum (17,5%), heilbrigðisþjónustu (16,8%), fræðslu-, uppeldis-, kennslu og tómsundarstarfi (16,4%), afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (14,6%), ræstingum (12,4%) og byggingastarfsemi og mannvirkjagerð (10,7%). Lægra hlutfall starfar við almannaoöryggi (8,9%), í ferðaþjónustu og farþegaflutningum (8,3%), fiskvinnslu og veiðar (8,2%), matvælaframleiðslu (8%) og við umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum (7,1%) og enn lægra hlutfall við menningu og skapandi greinar (6,3%). Lægst er hlutfall ungs fólks sem starfar innan stjórnsýslu (3,1%).

Tafla 6. Starfsgreinar eftir aldri.

	17-20	21-23	24-27	28-30	31-40	41-50	51-60	61 árs og eldri	<i>P</i> -gildi
	ára	ára	ára	ára	ára	ára	ára		
Heilbrigðisþjónusta	2,3%	6,9%	7,6%	5,6%	23,1%	19,3%	20,2%	15,0%	0,000**
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómstundastarf	1,1%	5,7%	9,6%	10,5%	26,0%	21,1%	15,6%	10,4%	<i>N</i> = 13.086
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	2,8%	4,9%	6,9%	6,9%	26,7%	21,8%	18,1%	11,9%	
Ræstingar	0,2%	1,7%	10,5%	9,0%	28,8%	25,6%	16,7%	7,5%	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	1,1%	3,0%	6,6%	9,3%	35,3%	20,6%	15,4%	8,6%	
Fiskvinnsla og veiðar	0,7%	3,1%	4,4%	7,8%	29,2%	20,1%	17,7%	17,0%	
Matvælaframleiðsla	0,5%	0,8%	6,7%	8,9%	29,4%	26,7%	16,0%	10,8%	
Framleiðsla	0%	0,4%	4,2%	4,5%	22,3%	29,7%	24,7%	14,2%	
Mötuneyti og veitingahús	2,4%	6,4%	8,7%	10,7%	33,2%	18,0%	14,5%	6,3%	
Ferðaþjónusta og farþegaflutningar	0,1%	1,1%	7,1%	12,1%	34,4%	17,7%	18,5%	8,9%	
Stjórnýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf	0,2%	0,4%	2,5%	3,9%	19,9%	25,9%	29,0%	18,2%	
Almannaöryggi og dómsmál	0%	2,2%	6,7%	5,3%	23,3%	23,5%	26,5%	12,5%	
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	1,1%	1,6%	4,4%	7,5%	19,8%	14,3%	19,5%	31,7%	
Menning- og skapandi greinar	0,6%	1,5%	4,2%	4,5%	35,5%	31,1%	15,3%	7,3%	
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	0,1%	1,5%	5,5%	5,5%	16,7%	27,8%	26,1%	16,6%	

Tafla 7 sýnir hlutfall launafólks á almenna og opinbera vinnumarkaðnum eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall kvenna starfar á opinbera vinnumarkaðnum (61,8%) og að sama skapi lægra hlutfall á hinum almenna vinnumarkaði (38,9%). Hins vegar er herra hlutfall karla sem starfa á almenna vinnumarkaðnum (61,1%) og að sama skapi lægra hlutfall á opinbera vinnumarkaðnum (38,2%).

Tafla 7. Almenni- og opinberi vinnumarkaðurinn eftir kyni.

	Almenni vinnumarkaðurinn	Opinberi vinnumarkaðurinn	Samtals	P-gildi
Konur og kvár	38,9%	61,8%	46,3%	0,000**
Karlar	61,1%	38,2%	53,7%	N=12.472

Tafla 8 sýnir hlutfall þeirra sem starfa á almenna- og opinbera markaðnum eftir uppruna og húðlit. Niðurstöðurnar sýna að á almenna vinnumarkaðnum eru 62,5% innfædd og með hvítan húðlit og er það lægra hlutfall en á opinbera markaðnum (78,1%). 0,3% þeirra sem eru á almenna vinnumarkaðnum og 0,6% þeirra sem eru á opinbera vinnumarkaðnum eru innfædd með annan húðlit en hvítan. Mun herra hlutfall innflytjenda með hvítan húðlit eru starfandi á almenna vinnumarkaðnum samanborið við opinbera (29,3% á móti 12,7%). Herra hlutfall innflytjenda með annan húðlit en hvítan eru starfandi á almenna markaðnum (4,2%) en á opinbera (3,8%). Hins vegar er herra hlutfall fólks með erlendan bakgrunn og hvítan húðlit sem starfar á opinbera markaðnum (3,8% á móti 3,1%) og sama á við um þau sem eru með erlendan bakgrunn og annan húðlit en hvítan (1% á móti 0,6%).

Tafla 8. Almenni- og opinberi vinnumarkaðurinn eftir uppruna og húðlit.

	Almenni vinnumarkaðurinn	Opinberi vinnumarkaðurinn	Samtals	P-gildi
Innfæddur, hvítur	62,5%	78,1%	67,5%	0,000**
Innfæddur með annan húðlit en hvítan	0,3%	0,6%	0,4%	N=12.556
Innflytjandi, hvítur	29,3%	12,7%	24,0%	
Innflytjandi, með annan húðlit en hvítan	4,2%	3,8%	4,0%	
Með erlendan bakgrunn, hvítur	3,1%	3,8%	3,3%	
Með erlendan bakgrunn, annan húðlit en hvítan	0,6%	1,0%	0,7%	

Tafla 9 sýnir hlutfall þeirra sem starfa á almenna og opinbera vinnumarkaðnum eftir aldri. Niðurstöðurnar sýna að svipað hlutfall fólks á aldrinum 17-20 ára starfar annar vegar á almenna og hins vegar opinbera markaðnum (1,2% og 1,1%), sama á við um aldurshópin 21-23 ára (3% og 3,6%). Herra hlutfall fólks aldrinum 24-27 ára starfar á almenna markaðnum samanborið við hjá hinu opinbera (6,5% á móti 5,8%) og sama á við um aldursbilið 28-30 ára (8,3% á móti 5,7%),

31-40 ára (28,6% á móti 21%) og 41-50 ára (22,5% á móti 21,6%). Hins vegar er hærra hlutfall á aldursbilinu 51-60 ára (22,4% á móti 18,6%) og 61 árs og eldri (18,7% á móti 11,2%) sem starfar á opinberum vinnumarkaði samanborið við þann almenna.

Tafla 9. Almenni- og opinberi vinnumarkaðurinn eftir aldri.

	Almenni vinnumarkaðurinn	Opinberi vinnumarkaðurinn	Samtals	P-gildi
17-20 ára	1,2%	1,1%	1,1%	0,000**
21-23 ára	3,0%	3,6%	3,2%	<i>N</i> = 13.206
24-27 ára	6,5%	5,8%	6,3%	
28-30 ára	8,3%	5,7%	7,5%	
31-40 ára	28,6%	21,0%	26,2%	
41-50 ára	22,5%	21,6%	22,2%	
51-60 ára	18,6%	22,4%	19,8%	
61 árs eða eldri	11,2%	18,7%	13,6%	

3.2 Staða launafólks í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekenda

Hér á eftir verður staða félaga innan aðildarfélaganna ASÍ og BSRB á húsnæðismarkaði skoðuð. Tafla 10 sýnir húsnæðisstöðu greint eftir kyni og uppruna. Taflan sýnir að mun lægra hlutfall innflytjendakvenna (34,8%) og innflytjendakarla (27%) og nokkuð lægra hlutfall kvenna með erlendan bakgrunn (63,1%) og karla með erlendan bakgrunn (59,1%) búa í eigin húsnæði samanborið við innfæddar konur (76,2%) og innfædda karla (77,3%). Að sama skapi er hlutfall innflytjendakarla hæst (61,2%) meðal þeirra sem eru á almennum leigumarkaði, nokkuð lægra meðal innflytjendakvenna (50,2%), talsvert læga meðal kvenna með erlendan bakgrunn (17,1%) og karla með erlendan bakgrunn (17,4%) en lægst hjá innfæddum konum (11,4%) og innfæddum körlum (11,2%). Alls eru 1,6% svarenda búsett í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekenda. Hæst er hlutfallið meðal innflytjendakarla (4,4%) og því næst meðal innflytjendakvenna (3,5%). Lægra hlutfall karla með erlendan bakgrunn (1,5%) og innfæddra karla (0,8%) býr í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekenda. Sama á við um innfæddar konur (0,4%) og konur með erlendan bakgrunn (0,1%).

Tafla 10. Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	P-gildi
<i>Konur og kvár</i>					
Eigin húsnæði	76,2%	34,8%	63,1%	63,3%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	11,4%	50,2%	17,1%	23,2%	N = 7.407
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	3,9%	5,5%	3,9%	4,4%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	0,4%	3,5%	0,1%	1,3%	
Hjá foreldrum/ættingjum	7,1%	4,2%	13,7%	6,5%	
Annað	1,0%	1,7%	2,0%	1,3%	
<i>Karlar</i>					
Eigin húsnæði	77,3%	27,0%	59,1%	62,6%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	11,2%	61,2%	17,4%	25,4%	N = 5.559
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	2,2%	3,5%	4,6%	2,6%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	0,8%	4,4%	1,5%	1,8%	
Hjá foreldrum/ættingjum	7,7%	2,5%	15,7%	6,6%	
Annað	0,7%	1,5%	1,8%	1,0%	
<i>Öll</i>					
Eigin húsnæði	76,8%	30,7%	61,0%	62,9%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	11,3%	55,9%	17,2%	24,4%	N = 12.966
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum	3,0%	4,5%	4,3%	3,5%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	0,6%	4,0%	0,8%	1,6%	
Hjá foreldrum/ættingjum	7,4%	3,3%	14,7%	6,5%	
Annað	0,9%	1,6%	1,9%	1,1%	

Tafla 11 sýnir hlutfall þeirra sem eru búsett í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda greint eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að af þeim sem búa í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda er hlutfallið herra meðal karla (62%) en kvenna (38%).

Tafla 11. Búsetuform eftir kyni.

	Í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	Annað búsetuform	Samtals	P-gildi
Konur og kvár	38,0%	46,6%	46,5%	0,000**
Karlar	62,0%	53,4%	53,5%	N = 13.003

Tafla 12 sýnir búsetuform greint eftir uppruna og húðlit. Niðurstöðurnar sýna að mikill meirihluti þeirra sem eru búsett í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda eru innflytjendur með hvítan húðlit (69,5%), um fjórðungur eru innfædd með hvítan húðlit (24,8%) og mun lægra hlutfall eru innflytjendur með annan húðlit en hvítan (2,5%), fólk með erlendan bakgrunn og annan húðlit en hvítan (1,7%), innfædd með annan húðlit en hvítan (1%) og með erlendan bakgrunn (0,4%).

Tafla 12. Búsetuform eftir uppruna og húðlit.

	Í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	Annað búsetuform	Samtals	<i>P</i> -gildi
Innfæddur, hvítur	24,8%	67,4%	66,7%	0,000**
Innfæddur með annan húðlit en hvítan	1,0%	0,4%	0,4%	<i>N</i> = 13.094
Innflytjandi, hvítur	69,5%	23,9%	24,6%	
Innflytjandi, með annan húðlit en hvítan	2,5%	4,2%	4,1%	
Með erlendan bakgrunn, hvítur	0,4%	3,4%	3,3%	
Með erlendan bakgrunn, annan húðlit en hvítan	1,7%	0,7%	0,7%	

Tafla 13 sýnir búsetu í húsnæði á vegum atvinnurekanda greint eftir aldri. Niðurstöðurnar sýna að meðal þeirra sem búsett eru í húsnæði á vegum atvinnurekanda eru hlutfallslega flestir á aldrinum 31-40 ára, eða 43%. Lægra hlutfall er á aldrinum 41-50 ára (15,4%), 28-30 ára (12,1%), 51-60 ára (10,9%) og 24-27 ára (7,7%). Enn lægra hlutfall eru á aldrinum 61 árs og eldri (5,9%), 21-23 ára (3,4%) og lægst er hlutfallið í aldurshópnum 17-20 ára (1,6%).

Tafla 13. Búsetuform eftir aldri.

	Í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	Annað búsetuform	Samtals	<i>P</i> -gildi
17-20 ára	1,6%	1,2%	1,2%	0,000**
21-23 ára	3,4%	3,2%	3,2%	<i>N</i> = 13.797
24-27 ára	7,7%	6,4%	6,4%	
28-30 ára	12,1%	7,4%	7,4%	
31-40 ára	43,0%	26,1%	26,4%	
41-50 ára	15,4%	22,1%	21,9%	
51-60 ára	10,9%	19,6%	19,5%	
61 árs eða eldri	5,9%	14,1%	14,0%	

Tafla 14 sýnir hlutfall þeirra sem leigja húsnæði á vegum atvinnurekanda greint eftir því hvort launafólk er starfandi hjá hinu opinbera eða á almenna vinnumarkaðnum. Niðurstöðurnar sýna að mikill meirihluti þeirra sem eru í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda starfar á almennum vinnumarkaði (84,4%) en hlutfallið er mun lægra meðal þeirra sem starfa hjá hinu opinbera (15,6%).

Tafla 14. Búsetuform eftir hvort starfað er á almenna- eða opinbera vinnumarkaðnum,

	Í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	Annað búsetuform	Samtals	<i>P</i> -gildi
Almennir vinnumarkaðurinn	84,4%	67,7%	67,9%	0,000**
Opinberi vinnumarkaðurinn	15,6%	32,3%	32,1%	<i>N</i> = 13.570

3.3 Réttindabrot á vinnumarkaði

Í þessum kafla verður fjallað um starfsumhverfi, launaþjófnað og réttindabrot á vinnumarkaði en í könnuninni var fólk spurt hvort brotið hefði verið á réttindum þeirra á síðastliðnum 12 mánuðum, svo sem með vangoldnum launum, vangreiðslum á álagi og öðrum réttindabrotum.

3.3.1 Réttindabrot eftir uppruna og húðlit

Tafla 15 sýnir hlutfall launafólks sem hafði orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði greint eftir kyni. Algengast er að launafólk hafi ekki fengið rétt greitt (22,8%) og fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu (15,3%). Önnur brot voru óalgengari en þó hafði 8% fengið laun greidd of seint, 5,2% ekki fengið stórhátíðarálag, 4,9% ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning, 4,7% hafði ekki fengið kjarasamningsbundna orlofs- eða desemberuppbót og 0,8% svarenda tilgreindu önnur réttindabrot.

Tafla 15. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Öll	<i>P</i> -gildi
				<i>N</i> = 9.895
Fengið greidd röng laun	22,1%	23,3%	22,8%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	13,2%	17,2%	15,3%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	7,4%	8,5%	8,0%	0,000**
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbót	4,1%	5,2%	4,7%	0,000**
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	4,6%	5,2%	4,9%	0,000**
Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	4,6%	5,8%	5,2%	0,000**
Annað	0,9%	0,7%	0,8%	0,000**

Tafla 16 sýnir fjölda réttindabrota sem launafólk hafði orðið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að 63,2% launafólks hafði ekki orðið fyrir neinum réttindabrotum, 21,7% fyrir einni gerð, 8,9% fyrir tveimur og 6,2% höfðu orði fyrir þremur eða fleiri gerðum réttindabrota.

Tafla 16. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kyni.

	Konur og kvár	Karlar	Öll	<i>P</i> -gildi
Engin brot	65,3%	61,4%	63,2%	0,000**
Ein tegund brots	21,3%	22,0%	21,7%	<i>N</i> = 9.895
Tvær tegundir brota	8,4%	9,3%	8,9%	
Þrjár eða fleiri tegundir brota	5,1%	7,2%	6,2%	

Tafla 17 sýnir hlutfall launafólks sem hafði orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði greint eftir uppruna. Algengara er að innflytjendur og fólk með erlendan bakgrunn hafi fengið greidd röng laun (38,9% og 27,2% á móti 16,3%), rangt greitt fyrir yfirvinnu (25,5% og

20,6% á móti 11,1%), laun greidd of seint (11,8% og 10,1% á móti 6,4%), ekki fengið kjarasamningsbundna orlofs- og/eða desemberuppbót (7,5% og 4,6% á móti 3,6%), ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning (7,2% og 8,9% á móti 3,8%), ekki fengið greitt stórhátíðarálag (9,7% og 5,6% á móti 3,5%) og tilgreindu auk þess í meira mæli önnur brot (1,1% og 1,1% á móti 0,7%) samanborið við innfædda.

Tafla 17. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	P-gildi
					N=11.006
Fengið greidd röng laun	16,3%	38,9%	27,2%	22,7%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	11,1%	25,5%	20,6%	15,3%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	6,4%	11,8%	10,1%	8,0%	0,000**
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbót	3,6%	7,5%	4,6%	4,7%	0,000**
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	3,8%	7,2%	8,9%	4,9%	0,000**
Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	3,5%	9,7%	5,6%	5,2%	0,000**
Annað	0,7%	1,1%	1,1%	0,8%	0,000**

Tafla 18 sýnir fjölda réttindabrota sem launafólk hafði orðið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum eftir uppruna. Mun herra hlutfall innfæddra (71,2%) en innflytjenda (43,6%) og fólks með erlendan bakgrunn (55,6%) hafði ekki orðið fyrir neinu broti á vinnumarkaði á aðspurðu tímabili. Að sama skapi var mun herra hlutfall innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn sem hafði orðið fyrir einu (30,5% og 23,9% á móti 18,1%), tveimur (14,9% og 11,2% á móti 6,5%) og þremur eða fleiri brotum (11% og 9,4% á móti 4,2%) samanborið við innfædda.

Tafla 18. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir uppruna.

	Innfæddir	Innflytjendur	Með erlendan bakgrunn	Samtals	P-gildi
					N=11.006
Engin brot	71,2%	43,6%	55,6%	63,3%	0,000**
Ein tegund brots	18,1%	30,5%	23,9%	21,6%	
Tvær tegundir brota	6,5%	14,9%	11,2%	8,9%	
Þrjár eða fleiri tegundir brota	4,2%	11,0%	9,4%	6,2%	

Tafla 19 sýnir hlutfall launafólks sem hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði greint eftir húðlit, annarsvegar hvítum húðlit og hins vegar öðrum húðlit en hvítum. Niðurstöðurnar sýna að mun herra hlutfall þeirra sem eru með annan húðlit en hvítan hafa fengið greidd röng laun (40,8% á móti 21,9%), fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu (24,5% á móti 14,9%), fengið laun greidd of seint (13,2% á móti 7,8%), ekki fengið orlofs- og/eða desemberuppbót (7,9%

á móti 4,5%), ekki fengið greitt í samræmi við kjarasamning (7,7% á móti 4,8%) og ekki fengið greitt stórhátíðarálag (11,7% á móti 4,9%) í samanburði við þau sem eru með hvítan húðlit.

Tafla 19. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir húðlit.

	Annar húðlitur en hvítur	Hvítur	Öll	P-gildi
				N=9.965
Fengið greidd röng laun	40,8%	21,9%	22,7%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	24,5%	14,9%	15,3%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	13,2%	7,8%	8,0%	0,000**
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbót	7,9%	4,5%	4,7%	0,000**
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	7,7%	4,8%	4,9%	0,000**
Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	11,7%	4,9%	5,2%	0,000**
Annað	0,2%	0,9%	0,8%	0,000**

Tafla 20 sýnir fjölda réttindabrota sem launafólk hefur orðið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum eftir húðlit svarenda, annarsvegar meðal þeirra sem eru með hvítan húðlit og hins vegar þeirra sem hafa annan húðlit en hvítan. Niðurstöðurnar sýna að mun hærra hlutfall þeirra sem eru með hvítan húðlit hafa ekki orðið fyrir neinum brotum á vinnumarkaði (64,3%) samanborið við þau sem eru með annan húðlit (39,8%). Að sama skapi er mun hærra hlutfall þeirra sem hafa annan húðlit en hvítan sem hafa orði fyrir einu (33,4% á móti 21,1%), tveimur (15,3% á móti 8,6%) eða þremur eða fleiri (11,6% á móti 6%) gerðum brota samanborið við þau sem eru með hvítan húðlit.

Tafla 20. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir húðlit.

	Annar húðlitur en hvítur	Hvítur	Öll	P-gildi
Engin brot	39,8%	64,3%	63,2%	0,000**
Ein tegund brots	33,4%	21,1%	21,7%	N=9.965
Tvær tegundir brota	15,3%	8,6%	8,9%	
Þrjár eða fleiri tegundir brota	11,6%	6,0%	6,2%	

Tafla 21 sýnir hlutfall launafólks sem hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði eftir uppruna og húðlit. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall þeirra sem eru innfædd með annan húðlit en hvítan hefur orðið fyrir einni (30,8% á móti 18,1%) og tveimur (7,4% á móti 6,5%) gerðum réttindabrotum samanborið við innfædd með hvítan húðlit. Hins vegar hafði hærra hlutfall innfæddra með hvítan húðlit orðið fyrir þremur eða fleiri (4,2% á móti 2,7%) gerðum brota samanborið við innfædd með annan húðlit en hvítan. Mun hærra hlutfall innflytjenda hafa orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði samanborið við innfædd. Staða innflytjenda með hvítan húðlit og annan húðlit en hvítan er nokkuð ólík. Þannig hefur hærra hlutfall innflytjenda með annan húðlit

en hvítan orðið fyrir einu (32,3% á móti 30,4%), tveimur (17% á móti 14,7%) og þremur eða fleiri (12,8% á móti 10,7%) gerðum brota. Mikill munur er á stöðu fólks með erlendan bakgrunn eftir húðlit. Þannig hafði mun hærra hlutfall fólks með erlendan bakgrunn og annan húðlit en hvítan orðið fyrir einni gerð réttindabrota (39,3% á móti 20,4%) og lítið hærra hlutfall orðið fyrir tveimur (11,7% á móti 11,1%) og þremur eða fleiri (10,8% á móti 9,1%) gerðum brota.

Tafla 21. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) eftir uppruna og húðlit.

	Engin brot	Ein tegund brots	Tvær tegundir brota	Þrjár eða fleiri tegundir brota	P-gildi
Innfæddur, hvítur	71,2%	18,1%	6,5%	4,2%	0,000** N = 9.965
Innfæddur með annan húðlit en hvítan	59,1%	30,8%	7,4%	2,7%	
Innflytjandi, hvítur	44,2%	30,4%	14,7%	10,7%	
Innflytjandi, með annan húðlit en hvítan	37,9%	32,3%	17,0%	12,8%	
Með erlendan bakgrunn, hvítur	59,4%	20,4%	11,1%	9,1%	
Með erlendan bakgrunn, annan húðlit en hvítan	38,2%	39,3%	11,7%	10,8%	
Samtals	63,2%	21,7%	8,9%	6,2%	

3.3.2 Réttindabrot eftir aldri

Tafla 22 sýnir hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði greint eftir aldri. Niðurstöðurnar sýna að tæplega helmingur (44,8%) þeirra sem eru á aldrinum 21-23 ára hafa fengið greidd röng laun á síðastliðnu ári og sama á við um lítið lægra hlutfall 24-27 ára (39,3%), 17-20 ára (35,4%) og 28-30 ára (32,8%) en lægra hlutfall í öðrum aldurshópum. Um þriðjungur (31,1%) þeirra sem eru á aldrinum 21-23 ára hafa fengið greitt rangt fyrir yfirvinnu á aðspurðu tímabili og sama á við um fjórðung 24-27 ára (25%) og tæplega fjórðung 28-30 ára (22,8%) og 17-20 ára (22,3%) en lægra hlutfall í eldri aldurshópum. Um fjórðungur (25,2%) fólks á aldrinum 17-20 ára hafði fengið laun greidd of seint og sama á við um 15,7% þeirra sem eru á aldrinum 21-23 ára, 15,3% 28-30 ára og 12,2% 24-27 ára. Ríflega einn af hverjum tíu (12,4%) á aldrinum 21-23 ára hafði ekki fengið kjarasamningsbundna orlofs- og/eða desemberuppbót og sama á við um 8,2% fólks á aldrinum 24-27 ára og 6,8% 17-20 ára en hlutfallið er lægra í öðrum aldurshópum. Ríflega einn af hverjum tíu (11%) á aldrinum 21-23 ára hafði sömuleiðis ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning og sama á við um 9,1% þeirra sem eru 17-20 ára, 6,8% 24-27 ára, 6,5% 31-40 ára og 6,1% 28-30 ára. Í aldurhópnum 17-20 ára höfðu 16,6% ekki fengið greitt stórhátíðarálag og sama á við um 10,5% 21-23 ára, 9,4% 24-27 ára, 8,7% 28-30 ára og 7,2% 31-40 ára.

Tafla 22. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir aldri.

	17-20 ára	21-23 ára	24-27 ára	28-30 ára	31-40 ára	41-50 ára	51-60 ára	61 árs og eldri	Samtals	P-gildi
	<i>N</i> = 10.680									
Fengið greidd röng laun	35,4%	44,8%	39,3%	32,8%	29,8%	20,1%	13,1%	9,6%	23,0%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	22,3%	31,1%	25,0%	22,8%	19,3%	14,5%	8,3%	6,9%	15,4%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	25,2%	15,7%	12,2%	15,3%	9,1%	6,4%	5,3%	3,8%	8,1%	0,000**
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbot	6,8%	12,4%	8,2%	5,2%	6,4%	4,1%	2,2%	1,8%	4,7%	0,000**
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	9,1%	11,0%	6,8%	6,1%	6,5%	3,8%	3,2%	3,5%	5,0%	0,000**
Ekki fengið greitt stórhátíðaralag	16,6%	10,5%	9,4%	8,7%	7,2%	4,1%	2,6%	1,8%	5,3%	0,000**
Annað	5,1%	1,3%	1,1%	1,2%	0,8%	0,7%	0,6%	0,7%	0,8%	0,000**

Tafla 23 sýnir fjölda þeirra réttindabrota sem launafólk hefur orðið fyrir á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði greint eftir aldri. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall 17-20 ára hafa orðið fyrir einni (39,9%), tveimur (19,7%) og þremur eða fleiri (10,7%) gerðum brota á síðastliðnum 12 mánuðum. Næst hæst er hlutfall fólks á aldrinum 21-23 ára sem hafa orðið fyrir einni (30,1%), tveimur (17,8%) og þremur eða fleiri (17,6%) gerðum réttindabrota. Lítið lægra hlutfall fólks á aldrinum 24-27 ára hafði orðið fyrir einu (29,4%), tveimur (15,8%) og þremur eða fleiri (11,1%) gerðum brota. Fólk á eldi aldursbilum hefur í minna mæli orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði og er hlutfallið lægst meðal elsta aldurshópsins 61 árs og eldri.

Tafla 23. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir aldri.

	Engin brot	Ein tegund brots	Tvær tegundir brota	Þrjár eða fleiri tegundir brota	P-gildi
17-20 ára	29,7%	39,9%	19,7%	10,7%	0,000**
21-23 ára	34,4%	30,1%	17,8%	17,6%	N = 10.680
24-27 ára	43,8%	29,4%	15,8%	11,1%	
28-30 ára	48,4%	26,8%	15,1%	9,7%	
31-40 ára	55,4%	25,5%	10,1%	9,0%	
41-50 ára	65,9%	21,2%	8,4%	4,6%	
51-60 ára	76,1%	16,2%	5,1%	2,6%	
61 árs eða eldri	80,1%	13,9%	4,1%	1,9%	
Samtals	63,0%	21,8%	9,0%	6,3%	

3.3.3 Réttindabrot eftir störfum

Tafla 24 sýnir hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir réttindabrotum síðastliðna 12 mánuði eftir starfsgreinum. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfallið meðal þeirra sem starfa við ræstingar sem hafa fengið greidd röng laun (37,2%) og sömuleiðis fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu (25,3%). Hæst var hlutfallið meðal starfsfólks í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð sem hafði fengið laun greitt of seint (20,3%). Þau sem starfa við menningu og skapandi greinar voru hlutfallslega flest þegar litið er til þeirra sem höfðu ekki fengið kjarasamningsbundna orlofs- og/eða desember uppbót (9,8%). Hins vegar var algengast meðal þeirra sem starfa við fiskvinnslu og veiðar að þau hefðu ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning (8,5%). Algengast var að þau sem starfa í mótuneytum og á veitingahúsum hefði ekki fengið greitt stórhátíðarálag (12,4%).

Tafla 24. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir starfsgreinum.

	Fengið greidd röng laun	Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	Fengið laun greidd of seint	Ekki fengið kjarasamningsbundna orlofs- og/eða desemberuppbót	Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	Annað
Heilbrigðisþjónusta	26,4%	18,0%	8,9%	3,4%	4,7%	6,2%	1,5%
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tólmundastarf	28,2%	13,4%	7,0%	4,0%	4,6%	3,1%	0,5%
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	24,2%	16,5%	5,6%	3,2%	4,8%	3,8%	0,7%
Ræstingar	37,2%	25,3%	8,4%	7,6%	7,6%	10,9%	1,3%
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	26,0%	18,6%	20,3%	6,5%	5,5%	6,8%	1,9%
Fiskvinnsla og veiðar	20,0%	12,5%	9,2%	5,0%	8,5%	5,9%	0%
Matvælaframleiðsla	25,3%	15,6%	8,1%	3,5%	3,2%	5,7%	0,9%
Framleiðsla	13,8%	12,0%	2,8%	4,0%	1,5%	1,3%	0,7%
Mötuneyti og veitingahús	31,8%	24,4%	11,3%	8,1%	6,5%	12,4%	1,1%
Ferðaþjónusta og farþegaflutningar	29,0%	20,8%	10,1%	5,2%	6,8%	8,6%	0,4%
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf	8,0%	4,0%	3,6%	3,0%	2,1%	1,2%	0,4%
Almannaöryggi og dómsmál	22,4%	16,4%	3,5%	1,4%	6,2%	7,1%	3,4%
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	17,0%	21,0%	6,4%	2,4%	5,3%	6,8%	0,5%
Menning- og skapandi greinar	17,7%	11,5%	10,4%	9,8%	3,2%	5,7%	0,6%
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	17,4%	15,1%	5,0%	2,9%	3,3%	2,0%	0,4%
P-gildi	.000**	.000**	.000**	.000**	.000**	.000**	.000**
<i>N</i> = 10.535							

Tafla 25 sýnir fjölda brota sem launafólk hefur orðið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum eftir starfsgreinum. Þegar litið er til þeirra sem hafa orðið fyrir þremur eða fleiri tegundum brota sést að hæst er hlutfallið meðal þeirra sem starfa í mötuneytum og á veitingahúsum (12,3%), byggingastarfsemi og mannvirkjagerð (11,8%), ræstingum (10,5%) og ferðapjónustu og farþegaflutningum (9,1%) og við menningu- og skapandi greinar (7,8%). Nokkuð lægra hlutfall þeirra sem starfa við umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum (6,4%), almannaöryggi og dómsmál (5,6%), fiskvinnslu og veiðar (5,5%), matvælaframleiðslu (5,5%) og heilbrigðisþjónustu (5,4%) höfðu orðið fyrir svo mörgum brotum. Sama á við um lægra hlutfall þeirra sem starfa við fræðslu-, uppeldis-, kennslu og tómsundarstarf (4,6%), stóriðju, fráveitu, rafmagns- og hitaveitu, sorphirðu, námugróft og vinnslu hráefna úr jörðu (4,2%) og afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (3,9%) en enn lægra hlutfall í öðrum starfsgreinum.

Tafla 25. Hefur orðið fyrir réttindabrotum (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir starfsgreinum.

	Engin brot	Ein tegund brots	Tvær tegundir brota	Þrjár eða fleiri tegundir brota	P-gildi
Heilbrigðisþjónusta	56,5%	26,1%	12,0%	5,4%	0,000** N = 10.535
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómsundarstarf	59,3%	26,5%	9,6%	4,6%	
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrslu á vörum	62,4%	22,7%	11,0%	3,9%	
Ræstingar	47,7%	25,8%	16,0%	10,5%	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	54,9%	22,8%	10,5%	11,8%	
Fiskvinnsla og veiðar	60,5%	26,0%	8,0%	5,5%	
Matvælaframleiðsla	59,7%	27,7%	7,1%	5,5%	
Framleiðsla	75,4%	16,6%	5,1%	2,8%	
Mötuneyti og veitingahús	48,8%	28,4%	10,5%	12,3%	
Ferðapjónusta og farþegaflutningar	54,9%	24,6%	11,4%	9,1%	
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf	84,4%	11,2%	2,5%	1,9%	
Almannaöryggi og dómsmál	62,5%	22,1%	9,9%	5,6%	
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	67,1%	15,7%	10,8%	6,4%	
Menning- og skapandi greinar	67,0%	18,6%	6,7%	7,8%	
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	73,3%	13,8%	8,7%	4,2%	
Samtals	64,0%	21,4%	8,9%	5,7%	

3.3.4 Réttindabrot eftir búsetuformi

Tafla 26 sýnir hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir réttindabrotum á síðastliðnum 12 mánuðum eftir því hvort þau eru búsett í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda eða búi við annarskonar aðstæður. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall þeirra sem eru í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda höfðu

orðið fyrir öllum þeim tegundum réttindabrota sem spurt var um samanborið við þau sem eru ekki búsett í húsnæði á vegum atvinnurekanda. Þannig var hærra hlutfall sem hafði fengið greidd röng laun (33,5% á móti 22,5%), rangt greitt fyrir yfirvinnu (21,8% á móti 15,2%), laun greidd of seint (14,3% á móti 7,9%), ekki fengið kjarasamningsbundna orlofs- og/eða desemberuppbót (7,3% á móti 4,6%), ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning (5,5% á móti 4,9%) og ekki fengið stórhátíðarálag (11,7% á móti 5,1%).

Tafla 26. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir búsetuformi.

	Í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	Annað búsetuform	Samtals	P-gildi
				N=11.006
Fengið greidd röng laun	33,5%	22,5%	22,7%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	21,8%	15,2%	15,3%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	14,3%	7,9%	8,0%	0,000**
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbót	7,3%	4,6%	4,7%	0,000**
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	5,5%	4,9%	4,9%	0,199
Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	11,7%	5,1%	5,2%	0,000**
Annað	2,1%	0,8%	0,8%	0,000**

Tafla 27 sýnir fjölda réttindabrota sem launafólk hafði orðið fyrir greint eftir því hvort það sé búsett í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda eða ekki. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall þeirra sem eru í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda höfðu orðið fyrir einu (29,6% á móti 21,5%), tveimur (12,7% á móti 8,8%) og þremur eða fleiri (10,5% á móti 6,1%) gerðum réttindabrota.

Tafla 27. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir búsetuformi.

	Í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	Annað búsetuform	Samtals	P-gildi
Engin brot	47,2%	63,6%	63,3%	0,000**
Ein tegund brots	29,6%	21,5%	21,6%	N=11.006
Tvær tegundir brota	12,7%	8,8%	8,9%	
Þrjár eða fleiri tegundir brota	10,5%	6,1%	6,2%	

3.3.5 Réttindabrot eftir búsetu

Tafla 28 sýnir hlutfall launafólks sem hafði orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði á síðastliðnum 12 mánuðum greint eftir búsetu. Niðurstöðurnar sýna að hlutfallslega hafði flest launafólk á Suðurnesjum fengið greidd röng laun (29,8%), rangt greitt fyrir yfirvinnu (16,7%),

greitt of seint (9,5%), ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning (6%) og ekki fengið stórhátíðarálag (7,5%). Jafn hátt hlutfall launafólks á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hafði ekki fengið kjarasamningsbundna orlofs-/eða desemberuppbót (5,2%).

Tafla 28. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir búsetu.

	Höfuðborgarsvæðið	Suðurnes	Landsbyggðir	Samtals	P-gildi
	N=11.006				
Fengið greidd röng laun	23,0%	29,8%	19,5%	22,7%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	15,9%	16,7%	13,3%	15,3%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	7,9%	9,5%	7,5%	8,0%	0,000**
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbót	5,2%	5,2%	3,4%	4,7%	0,000**
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	5,0%	6,0%	4,3%	4,9%	0,000**
Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	5,5%	7,5%	4,0%	5,2%	0,000**
Annað	0,8%	0,9%	0,7%	0,8%	0,000**

Tafla 29 sýnir fjölda réttindabrota sem launafólk hafði orðið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum greint eftir búsetu. Taflan sýnir að hæst er hlutfall þeirra sem búa á landsbyggðunum sem ekki höfðu orðið fyrir neinu réttindabroti (66,6%) en hlutfallið er lægra á höfuðborgarsvæðinu (63,1%) og lægst á Suðurnesjum (56,5%). Að sama skapi var hæst hlutfall launafólks á Suðurnesjum sem hafði orðið fyrir einu (23,2%), tveimur (12,9%) og þremur eða fleiri (7,4%) réttindabrotum.

Tafla 29. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir búsetu.

	Höfuðborgarsvæðið	Suðurnes	Landsbyggðir	Samtals	P-gildi
Engin brot	63,1%	56,5%	66,6%	63,3%	0,000**
Ein tegund brots	21,4%	23,2%	21,0%	21,6%	N=11.006
Tvær tegundir brota	8,8%	12,9%	7,6%	8,9%	
Þrjár eða fleiri tegundir brota	6,7%	7,4%	4,7%	6,2%	

3.3.6 Réttindabrot eftir fötlun/skertri starfsgetu

Tafla 30 sýnir hlutfall launafólks sem hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði greint eftir því hvort það hafi fulla starfsgetu eða skerta starfsgetu/fötlun. Niðurstöðurnar sýna að hlutfallslega höfðu fleiri með skerta starfsgetu/fötlun fengið greidd röng laun (29,4% á móti 22%), fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu (20,4% á móti 14,8%), fengið greidd laun of seint (13,9% á móti 7,6%), ekki fengið kjarasamningbundna orlofs- og/eða desember uppbót (8,5% á móti 4,4%), ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning (5,4% á móti 4,9%), ekki fengið greitt stórhátíðarálag (8,7% á móti 4,9%) og tilgreindu önnur brot í meira mæli (1,1% á móti 0,8%) samanborið við fólk með fulla starfsgetu.

Tafla 30. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir fötlun/skertri starfsgetu.

	Fötlun/skerta starfsgetu	Fulla starfsgetu	Öll	P-gildi
				N = 9.947
Fengið greidd röng laun	29,4%	22,0%	22,7%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	20,4%	14,8%	15,3%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	13,9%	7,6%	8,0%	0,000**
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbót	8,5%	4,4%	4,7%	0,000**
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	5,4%	4,9%	4,9%	0,019*
Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	8,7%	4,9%	5,2%	0,000**
Annað	1,1%	0,8%	0,8%	0,000**

Tafla 31 sýnir fjölda réttindabrota sem launafólk hefur orðið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum greint eftir því hvort svarendur eru með fulla starfsgetu eða skerta starfsgetu/fötlun. Niðurstöðurnar sína að hærra hlutfall þeirra sem eru með fulla starfsgetu hafa ekki orðið fyrir réttindabrotum (64,5%) samanborið við þau sem eru með skerta starfsgetu/fötlun (49,3%). Að sama skapi hafa hlutfallslega fleiri þeirra með skerta starfsgetu/fötlun orðið fyrir einu (29,9% á móti 20,9%), tveimur (10,5% á móti 8,7%) og þremur (10,3% á móti 5,9%) gerðum brota samanborið við fólk með fulla starfsgetu.

Tafla 31. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir fötlun/skertri starfsgetu.

	Fötlun/skerta starfsgetu	Fulla starfsgetu	Öll	P-gildi
Engin brot	49,3%	64,5%	63,2%	0,000**
Ein tegund brots	29,9%	20,9%	21,7%	N = 9.947
Tvær tegundir brota	10,5%	8,7%	8,9%	
Þrjár eða fleiri tegundir brota	10,3%	5,9%	6,2%	

3.3.7 Réttindabrot eftir kynhneigð og kynvitund

Tafla 32 sýnir hlutfall launafólks sem hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði greint eftir kynhneigð og kynvitund. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall hinsegin fólks hafði fengið greidd röng laun (33,8% á móti 21,6%), rangt greitt fyrir yfirvinnu (22,9% á móti 14,6%), laun greidd of seint (11,4% á móti 7,7%), ekki fengið desember- eða orlofsuppbót (7,5% á móti 4,4%), ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning (7% á móti 4,7%) og ekki fengið greitt stórhátíðarálag (10,2% á móti 4,8%) samanborið við gagnkynhneigða, sístaklinga.

Tafla 32. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir kynhneigð og kynvitund.

	Gagnkynhneigð, sí	Hinsegin	Samtals	P-gildi
				<i>N</i> = 9.828
Fengið greidd röng laun	21,6%	33,8%	22,7%	0,000**
Fengið rangt greitt fyrir yfirvinnu	14,6%	22,9%	15,3%	0,000**
Fengið laun greidd of seint	7,7%	11,4%	8,0%	0,000**
Ekki fengið kjarasamnings-bundna orlofs- og/eða desemberuppbót	4,4%	7,5%	4,7%	0,000**
Ekki fengið greitt í samræmi við ráðningarsamning	4,7%	7,0%	4,9%	0,000**
Ekki fengið greitt stórhátíðarálag	4,8%	10,2%	5,2%	0,000**
Annað	0,8%	1,5%	0,8%	0,000**

Tafla 33 sýnir fjölda réttindabrota sem launafólk hefur orðið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum greint eftir kynhneigð og kynvitund. Niðurstöðurnar sýna að mun hærra hlutfall gagnkynhneigðra, sí einstaklinga (64,9%) en hinsegin fólks (46,2%) hafði ekki orðið fyrir neinu réttindabroti. Að sama skapi er mun hærra hlutfall hinsegin fólks sem hafði orðið fyrir einu (29% á móti 21,6%), tveimur (16% á móti 8,9%) og þremur eða fleiri réttindabrotum (8,8% á móti 5,9%) samanborið við gagnkynhneigða, sí einstaklinga.

Tafla 33. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kynhneigð og kynvitund.

	Gagnkynhneigð, sí	Hinsegin	Samtals	P-gildi
Engin brot	64,9%	46,2%	63,3%	0,000**
Ein tegund brots	20,9%	29,0%	21,6%	<i>N</i> = 9.828
Tvær tegundir brota	8,2%	16,0%	8,9%	
Þrjár eða fleiri tegundir brota	5,9%	8,8%	6,2%	

3.3.8 Skýrandi þættir réttindabrota á vinnumarkaði

Tafla 34 sýnir niðurstöður einbreyttuvíundargreiningar (e. binary logistic regression) þar sem hver skýribreytan fyrir sig er skoðuð óháð hinum skýribreytunum og gagnlíkindahlutfall (OR) milli hverrar skýribreytu og þess að verða fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði skoðað sértaklega.

Af töflunni má sjá að konur eru 0,8 sinnum ólíklegri en karlar til þess að hafa orðið fyrir brotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði (OR = 0,8).

Ef að litið er til uppruna og húðlitar má sjá að innfæddir með annan húðlit en hvítan eru 1,7 sinnum líklegri en hvítir innfæddir til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum síðastliðið ár og fólk með erlendan bakgrunn með hvítan húðlit eru einnig 1,7 sinnum líklegri en innfæddir, hvítir til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum. Hvítir innflytjendur eru 3,1 sinnum líklegri en innfæddir með hvítan húðlit til að verða fyrir réttindabrotum. Sama á við um innflytjendur og fólk með erlendan bakgrunn sem eru með annan húðlit en hvítan, hver um sig er fjórum sinnum líklegri til

þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði samanborið við innfædda með hvítan húðlit.

Af töflunni má einnig sjá að yngra fólk verður í mun meira mæli fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði samanborið við elsta aldurshópinn. Þannig er aldurshópurinn 17-20 ára fjórum sinnum líklegri til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum samanborið við þau sem eru 61 árs eða eldri. Að sama skapi eru þau í aldurhópnum 21-23 ára 9,5 sinnum líklegri og þau í aldurshópnum 24-27 ára 7,7 sinnum líklegri til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum samanborið við elsta aldurshópinn. Líkurnar á því að hafa orðið fyrir réttindabrotum minnka svo jafnt og þétt eftir því sem fólk verður eldra.

Hinsegin einstaklingar eru 2,2 sinnum líklegri en gagnkynhneigðir sískynja einstaklingar til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum síðastliðið ár og fólk með fötlun eða skerta starfsgetu eru 1,8 sinnum líklegri en fólk með fulla starfsgetu til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum. Eins eru þau sem búa í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda 1,9 sinnum líklegri en fólk í annarskonar búsetu til þess að hafa orðið fyrir brotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði og fólk sem vinnur á almenna vinnumarkaðnum samanborið við opinbera vinnumarkaðinn er 1,2 sinnum líklegri til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum.

Ef litið er til starfsvettvangs fólks niðurbrotið eftir starfsgreinum má sjá innan nokkurra starfsgreina eru líkur þess að verða fyrir réttindabrotum nokkuð háar, en störf innan stjórnarsýslu, fjármálþjónustu, upplýsingatækni auk almennra skrifstofustarfa eru notuð sem viðmiðunarbreyta þar sem brotartilvik eru fæst þar. Af töflunni má sjá að fólk sem starfar í ræstingum er 5,9 sinnum líklegri heldur en fólk innan stjórnarsýslu, fjármálþjónustu, upplýsingatækni og almennra skrifstofustarfa til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðið ár. Fólk sem starfar í mötuneytum og veitingahúsum er 5,7 sinnum líklegri. Að sama skapi eru þau sem vinna við ferðaþjónustu og farþegaflutninga 4,5 sinnum líklegri og fólk sem starfar við bygginga- og mannvirkjagerð 4,4 sinnum líklegri til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði.

Taflan sýnir jafnframt að styrkur sambandsins milli þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði og skýribreytanna er mismikill (Negelkerke R^2). Þannig er sambandið milli réttindabrota og aldurs öflugast og því næst milli réttindabrota og uppruna og húðlitar. Sambandið milli réttindabrota og starfsvettvangs er einnig nokkuð öflugt miðað við aðrar skýrbreytur.

Tafla 34. Einbreytugreiningar á áhættuþáttum þess að verða fyrir brotum á vinnumarkaði.

	B	SE	OR	95% CI	p-gildi	Negelkerke R ²
Kyn					.000**	
Konur	-,164	,012	0,8	-0,19 – [-0,14]	.000**	0,00
Karlar						
Uppruni og húðlitur					.000**	0,09
Erl. bakgrunnur, annar húðlitur	1,386	,068	4,0	1,25 – 1,52	.000**	
Erl. bakgrunnur, hvítir	,522	,032	1,7	0,46 – 0,58	.000**	
Innflytjendur, annar húðlitur	1,397	,033	4,0	1,33 – 1,46	.000**	
Innflytjendur, hvítir	1,137	,014	3,1	1,11 – 1,16	.000**	
Innfæddir, annar húðlitur	,533	,094	1,7	0,35 – 0,72	.000**	
Innfæddir, hvítir						
Aldur					.000**	0,10
17-20 ára	1,395	,019	4,0	2,14 – 2,37	.000**	
21-23 ára	2,255	,061	9,5	1,96 – 2,12	.000**	
24-27 ára	2,042	,039	7,7	1,59 – 1,70	.000**	
28-30 ára	1,646	,029	5,2	1,40 – 1,52	.000**	
31-40 ára	1,460	,028	4,3	1,14 – 1,22	.000**	
41-50 ára	1,180	,022	3,3	0,69 – 0,78	.000**	
51-60 ára	,738	,023	2,1	0,19 – 0,29	.000**	
61 árs eða eldri						
Kynhneigð og kynvitund					.000**	0,02
Hinsegin	,767	,020	2,2	0,73 – 0,81	.000**	
Gagnkynhneigð, síð						
Fötun/skert starfsgeta					.000**	0,01
Fötun/skert starfsgeta	,615	,022	1,8	0,57 – 0,65	.000**	
Full starfsgeta						
Búsetuform					.000**	0,00
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	,668	,045	1,9	0,58 – 0,76	.000**	
Önnur búsetuform						
Almenni vs. opinberi					.000**	0,00
Almenni vinnumarkaðurinn	,211	,013	1,2	0,19 – 0,24	.000**	
Opinberi vinnumarkaðurinn						
Starfsvettvangur					.000**	0,08
Heilbrigðisþjónusta	1,427	,027	4,2	1,37 – 1,48	.000**	
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tólmundastarf	1,310	,028	3,7	1,26 – 1,36	.000**	
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	1,181	,023	3,3	1,14 – 1,23	.000**	
Ræstingar	1,782	,035	5,9	1,71 – 1,85	.000**	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	1,491	,031	4,4	1,43 – 1,55	.000**	
Fiskvinnsla og veiðar	1,262	,035	3,5	1,19 – 1,33	.000**	
Matvælaframleiðsla	1,294	,036	3,6	1,22 – 1,37	.000**	
Framleiðsla	,568	,037	1,8	0,49 – 0,64	.000**	
Mötuneyti og veitingahús	1,738	,028	5,7	1,68 – 1,79	.000**	
Ferðaþjónusta og farþegaflutningar	1,493	,027	4,5	1,44 – 1,55	.000**	
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	,681	,040	2,0	0,60 – 0,76	.000**	
Almannaöryggi og dómsmál	1,179	,047	3,3	1,09 – 1,27	.000**	
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	,975	,049	2,7	0,88 – 1,07	.000**	
Menning- og skapandi greinar	,982	,052	2,7	0,88 – 1,08	.000**	
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf						

* p < 0,05 **p < 0,01

† Háða breytan: Hefur þú orðið fyrir réttindabroti á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði?
(0 = Engin brot, 1 = Hef orðið fyrir brotum á vinnumarkaði)

Tafla 35 sýnir niðurstöður fjölbreyttuvíundargreiningar (e. binary logistic regression) þar sem allar skýribreyturnar sem prófaðar voru í einbreyttuvíundargreiningunni að ofan, eru settar saman í eina greiningu. Þannig má nú sjá þá þætti sem skýra líkur þess að verðar fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði að teknu tilliti til annarra skýribreyta. Niðurstöðurnar sýna að aðhvarfslíkanið er marktækt og að skýringarmáttur þess er ágætur.

Af töflunni má sjá að konur eru enn 0,8 sinnum ólíklegri en karlar til þess að hafa orðið fyrir brotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði, en líkurnar hafa ekki breyst frá því í fyrri greiningu þegar kyn var greint óháð öðrum breytum.

Áfram hefur uppruni og húðlitur marktæk áhrif á líkur þess að verða fyrir réttindabrotum þegar tekið hefur verið tillit til annarra skýribreyta. Hins vegar hafa líkurnar minnkað ögn en nú má sjá að innfæddir með annan húðlit en hvítan eru nú 1,5 sinnum líklegri en hvítir innfæddir til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum síðastliðið ár og fólk með erlendan bakgrunn með hvítan húðlit eru 1,3 sinnum líklegri. Hvítir innflytjendur eru nú 2,1 sinnum líklegri en innfæddir með hvítan húðlit og innflytjendur og fólk með erlendan bakgrunn og með annan húðlit en hvítan eru hvor um sig 2,5 sinnum líklegri til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði samanborið við innfædda með hvítan húðlit.

Þegar litið er til aldurs má sjá að gagnlíkindahlutfallið fyrir hvern aldurhóp hefur einnig breyst frá því að aldur var skoðaður óháð öðrum breytum. Yngra fólk verður þó enn í mun meira mæli fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði samanborið við elsta aldurshópinn. Aldurshópurinn 17-20 ára fer nú frá því að vera fjórum sinnum líklegri til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum samanborið við þau sem eru 61 árs eða eldri í að vera 7,6 sinnum líklegri. Hins vegar hefur líkindahlutfall þeirra í aldurhópnum 21-23 ára lækkað og eru þau nú sex sinnum líklegri til að verða fyrir réttindabrotum. Þau í aldurshópnum 24-27 ára fóru úr því að vera 7,7 sinnum líklegri til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum samanborið við elsta aldurshópinn í að vera 3,7 sinnum líklegri.

Hinsegin einstaklingar eru nú 1,4 sinnum líklegri til þess að verða fyrir réttindabrotum en gagnkynhneigt, sískynja fólk þegar tekið hefur verið tillit til annarra breyta og fólk með fötlun eða skerta starfsgetu fara úr því að vera 1,8 sinnum líklegri til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum síðastliðið ár í að vera tvisvar sinnum líklegri. Hins vegar eru ekki lengur marktæk tengsl milli þess að vera í leiguhúsnaði á vegum atvinnurekanda og þess að verða frekar fyrir réttindabrotum ($p = 0,608$) eftir að tekið hefur verið tillit til annarra skýribreyta en fólk sem vinnur á almenna

vinnumarkaðnum samanborið við opinbera vinnumarkaðinn er enn ögn líklegra til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum eða 1,1 sinni líklegra.

Ef litið er nú til starfsvettvangs launafólks niðurbrotið eftir starfsgreinum má sjá, líkt og þegar breytan var skoðuð óháð öðrum breytum, að innan allra starfsgreina eru marktækt meiri líkur á að verðar fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði í samanburði við störf innan stjórnslu, fjármálþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf. Líkurnar eru þó minni nú þegar tekið hefur verið tillit til annarra skýribreyta. Þannig eru nú einstaklingar sem starfa í heilbrigðisþjónustu 3,4 sinnum líklegri til þess að verða fyrir réttindabrotum og þau sem starfa við ræstingar þrisvar sinnum líklegri. Að sama skapi er fólk sem starfar í mótuneytum og veitingahúsum, við fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómsundastörf, og við almannaöryggi og dómsmál, 2,8 sinnum líklegri er starfsfólk innan stjórnslu, fjármálþjónustu, upplýsingatækni og almennra skrifstofustarfa til þess að hafa orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðið ár.

Tafla 35. Fjölbreytugreining á áhættuþáttum þess að verða fyrir brotum á vinnumarkaði.

	B	SE	OR	95% CI	p-gildi
Kyn					
Konur	-,261	,015	0,8	-0,29 – [-0,23]	.000**
Karlar					
Uppruni og húðlitur					
Erl. bakgrunnur, annar húðlitur	,903	,081	2,5	0,75 – 1,06	.000**
Erl. bakgrunnur, hvítir	,274	,036	1,3	0,20 – 0,34	.000**
Innflytjendur, annar húðlitur	,901	,038	2,5	0,83 – 0,97	.000**
Innflytjendur, hvítir	,730	,017	2,1	0,70 – 0,76	.000**
Innfæddir, annar húðlitur	,384	,105	1,5	0,18 – 0,59	.000**
Innfæddir, hvítir					
Aldur					
17-20 ára	2,029	,064	7,6	1,90 – 2,15	.000**
21-23 ára	1,791	,043	6,0	1,71 – 1,88	.000**
24-27 ára	1,310	,033	3,7	1,25 – 1,38	.000**
28-30 ára	1,109	,032	3,0	1,05 – 1,17	.000**
31-40 ára	,818	,026	2,3	0,77 – 0,87	.000**
41-50 ára	,609	,026	1,8	0,56 – 0,66	.000**
51-60 ára	,249	,027	1,3	0,20 – 0,30	.000**
61 árs eða eldri					
Kynhneigð og kynvitund					
Hinsegin	,319	,023	1,4	0,27 – 0,36	.000**
Gagnkynhneigð, síð					
Fötlun/skert starfsgeta					
Fötlun/skert starfsgeta	,692	,027	2,0	0,64 – 0,75	.000**
Full starfsgeta					
Búsetuform					
Leiguhúsnaði á vegum atvinnurekanda	,025	,049	1,0	-0,07 – 0,12	.608
Önnur búsetuform					
Almenni vs. opinberi					
Almenni vinnumarkaðurinn	,085	,019	1,1	0,05 – 0,12	.000**
Opinberi vinnumarkaðurinn					
Starfsvettvangur					
Heilbrigðisþjónusta	1,230	,030	3,4	1,17 – 1,29	.000**
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómstundastarf	1,021	,032	2,8	0,96 – 1,08	.000**
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	,726	,025	2,1	0,68 – 0,78	.000**
Ræstingar	1,089	,039	3,0	1,01 – 1,17	.000**
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	,908	,034	2,5	0,84 – 0,97	.000**
Fiskvinnsla og veiðar	,873	,038	2,4	0,80 – 0,95	.000**
Matvælaframleiðsla	,803	,039	2,2	0,73 – 0,88	.000**
Framleiðsla	,204	,041	1,2	0,12 – 0,28	.000**
Mötuneyti og veitingahús	1,015	,031	2,8	0,95 – 1,08	.000**
Ferðaþjónusta og farþegaflutningar	1,001	,029	2,7	0,94 – 1,06	.000**
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	,478	,043	1,6	0,39 – 0,56	.000**
Almannaöryggi og dómsmál	1,016	,052	2,8	0,91 – 1,12	.000**
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	,898	,053	2,5	0,79 – 1,00	.000**
Menning- og skapandi greinar	,695	,055	2,0	0,59 – 0,80	.000**
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf					
-2 log likelihood	32717,078				
Negelkerke R ²	0,21				
Líkan:	$\chi^2 = (31) = 16474,894, p = .000$				

* p < 0,05 **p < 0,01

† Háða breytan: Hefur þú orðið fyrir réttindabroti á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði?
(0 = Engin brot, 1 = Hef orðið fyrir brotum á vinnumarkaði)

Heimildarskrá

- Agnes Agnarsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Jakob Smári, Jón Friðrik Sigurðson, & Pétur Tyrfingsson. (e.d.). *PHQ-9 í íslenskri þýðingu*.
- Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarsons, & Guðmundur Arnkelsson. (2018). Próffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23, 91-100.
- Berglind Harpa Svavarsdóttir, & Elísabet Hjörleifsdóttir. (2020). Streita, kulnun og bjargráð á meðal hjúkrunarfræðinga á bráðalegudeildum. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 96(1), 68-75.
- Borritz, M., & Kristensen, T. S. (2004). *CBI (Copenhagen Burnout Inventory) – Et spørgeskema til måling af udbrændthed*.
- Hagstofa Íslands. (2019). *Fólk við góða heilsu eftir kyni og tekjufimmtungum 2004-2018*.
- Hagstofa Íslands. (2020). *Fjárhagur/Viðtakendur fjárhagsaðstoðar*.
- Hagstofa Íslands. (2022a). *Heimili í fjárhagsvandræðum eftir heimilisgerð 2004-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2022b). *Íþyngjandi húsnæðiskostnaður heimila eftir stöðu á húsnæðismarkaði 2004-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2022c). *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2022*.
- Hagstofa Íslands. (2022d). *Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð og stöðu á húsnæðismarkaði 2008-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2023). *Mesta fjölgun íbúa frá upphafi*.
- Kroenke, K., & Spitzer, R. L. (2002). The PHQ-9: A new depression diagnostic and severity measure. *Psychiatric Annals*, 32(9), 509-515.
- Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. (2022). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*.

Viðauki I

Yfirlit yfir forsendur þeirrar hópaskiptingar sem notuð er í greiningum á niðurstöðum könnunarinnar.

Fjölskyldustaða	
<i>Í sambúð með barn/börn</i>	Einstaklingur sem skráir hjúskaparstöðu sína sem „í sambúð“ eða „í hjónabandi/staðfestri samvist“ og tiltekur eitt eða fleiri börn undir 18 ára sem búa á heimilinu
<i>Í sambúð</i>	Einstaklingur sem skráir hjúskaparstöðu sína sem „í sambúð“ eða „í hjónabandi/staðfestri samvist“ og tiltekur engin börn undir 18 ára sem búa á heimilinu
<i>Einstætt foreldri</i>	Einstaklingur sem skráir hjúskaparstöðu sína ýmist sem „einhleyp/ur“, „fráskilinn/skilinn að borði og sæng“ eða sem „ekkill/ekkjja“ og tiltekur eitt eða fleiri börn undir 18 ára sem búa á heimilinu
<i>Einhleyp/ur/t</i>	Einstaklingur sem skráir hjúskaparstöðu sína „einhleypur“, „fráskilinn/skilinn að borði og sæng“ eða sem „ekkill/ekkjja“ og tiltekur engin börn undir 18 ára sem búa á heimilinu
Uppruni	
<i>Innfæddur</i>	Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á foreldra sem fæddir eru á Íslandi
<i>Innflytjandi</i>	Einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem fæddir eru erlendis
<i>Einstaklingur með erlendan bakgrunn</i>	1. Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á annað foreldri sem er erlent 2. Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis
<i>Húðlitur</i>	Tveir valmöguleikar voru gefnir. Annars vegar hvítur og hins vegar annar, hver?